

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 8. desember 2011 í máli nr. E-2683/2011:

Reykjavíkurborg

(Þórhildur Lilja Ólafsdóttir hdl.)

gegn

A

(Margrét Gunnlaugsdóttir hrl.)

I

Mál þetta, sem var dómtekið 15. nóvember sl. er höfðað af Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu við Tjarnargötu, Reykjavík, vegna Barnaverndarnefndar Reykjavíkur, með stefndu birtri 21. júní sl., á hendur A.

Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefnda verði svipt forsjá dóttur sinnar, B, sem nú er vistuð á einkaheimili á vegum Barnaverndarnefndar Reykjavíkur, sbr. a- og d-lið 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Stefnda krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi.

II

Málavextir

Mál þetta snýst um rúmlega 7 ára gamla telpu, B, kallaða B, sem lýtur forsjá móður sinnar, A, stefndu í máli þessu. Stefnda er frá X-lensk en flutti til Íslands 1997. Telpan er fædd á Íslandi en faðir hennar er X, búsettur í Y og mun ekkert hafa komið að uppeldi hennar. Stefnda á fjögur önnur börn, C, D, E og F. Þrjú elstu börn stefndu, sem öll eru fædd í Y, voru vistuð utan heimilis stefndu á vegum Barnaverndar Reykjavíkur á árunum 2003-2009, í mislangan tíma hvert fyrir sig. F, yngsti sonur stefndu, hefur lotið forsjá íslensks föður síns frá því haustið 2010. Stefnda býr nú með þremur elstu börnum sínum í félagslegri íbúð á vegum Reykjavíkurborgar en telpan B hefur verið utan heimilis frá byrjun þessa árs, fyrst á Vistheimili barna en síðan á einkaheimili. Á heimili stefndu býr enn fremur G, sem mun leigja herbergi hjá henni.

Í stefnu kemur fram að barnaverndaryfirvöld hafi haft afskipti af högum allra barna stefndu í langan tíma og ítrekaðar tilkynningar hafi borist til Barnaverndar Reykjavíkur vegna allra barnanna og bágra aðstæðna þeirra í umsjón stefndu. Margþættur stuðningur við fjölskylduna hafi verið reyndur af hálfu starfsmanna stefnanda en án viðunandi árangurs að mati stefnanda. Hann hafi m.a. falist í „Stuðningnum heim“, tilsjón inn á heimilið, óboðuðu eftirliti, fjárhagsstuðningi, reglubundnum samráðsfundum í skóla/leikskóla og í íslenskunámi fyrir stefndu.

Stefnda undirgekkst forsjárhæfnimat í nóvember 2004. Þar kom m.a. fram að hún væri afar veikburða í forsjárhlutverki sínu og líklega væri greind hennar fremur lág eins og mælt var með greindarprófi. Skilningur hennar á forsendum samfélagsins hér á landi væri takmarkaður auk þess sem hún væri ekki líkleg til að axla þær skyldur sem ætlast er til af henni sem forsjáraðila. Stefnda sæi ekki vanda barna sinna sömu augum og yfirvöld og væri ekki líkleg til að beita sér gegn honum, jafnvel þótt reynt væri að veita henni ráð og stuðning. Gerð var áætlun um meðferð máls 20. desember 2004, þar sem lagt var til að stefnda yrði studd í uppeldishlutverkinu, fylgst yrði með heimilinu og telpunni yrðu veitt viðunandi uppeldisskilyrði. Nokkrum dögum síðar fór stefnda hins vegar til Y með elsta syni sínum og skildi telpuna eftir í umsjá vinkonu sinnar en telpan var þá hálfis árs. Snéri stefnda ekki til landsins fyrr en eftir rúmlega þriggja mánaða fjarveru.

Í lok maí 2005 var undirrituð meðferðaráætlun sem byggðist á því að stefnda yrði í samvinnu við Barnavernd Reykjavíkur og myndi þiggja aðstoð tilsjónarmanneskju. Í desember 2006 var máli telpunnar lokað hjá Barnavernd Reykjavíkur þar sem upplýsingar báru með sér að aðstæður hefðu farið batnandi á heimilinu.

Þann 26. mars 2007 barst tilkynning frá leikskólanum H þar sem fram kom að telpan hefði misst plássið vegna skuldar við Leikskóla Reykjavíkur. Fyrir milligöngu þjónustumiðstöðvar Reykjavíkur var gengið frá skuld stefndu.

Ný tilkynning barst í málinu 23. október 2007 þegar hringt var á bakvakt Barnaverndar Reykjavíkur. Tilkynnandi hafði tekið yngsta bróður telpunnar með sér heim af frístundaheimili þar sem drengurinn hafði borið sig illa og óskað eftir því að fá að fara heim með tilkynnanda. Í framhaldinu fór starfsmaður bakvaktar á heimili stefndu. Í skýrslu hans kemur fram að fyrrum sambýlismaður stefndu, G, hafi verið á heimilinu og sagst leigja herbergi í íbúðinni. Aðspurður kvaðst hann halda að stefnda væri á sjúkrahúsi. Hann hafi sótt telpuna til X vinkonu stefndu fyrr um daginn. Íbúðin hafi litið mjög illa út, verið skítug, tómar bjórdósir hafi verið úti um allt og engin leikföng sjáanleg. Stefnda hafi ekki svarað síma og ákveðið hafi verið að fara með telpuna á Vistheimili barna. Telpan hafi þó verið færð heim sama kvöld þar sem stefnda snéri heim. Ný áætlun um meðferð máls hafi verið gerð þar sem fram kom m.a. að óboðað eftirlit yrði haft með heimilinu, telpunni yrði fylgt eftir í leikskóla, stefnda yrði útveguð heimilishjálp og krafa gerð um að börnin hefðu herbergi til umráða á heimilinu sem þýddi að stefnda yrði að segja upp leigjendum sínum.

Þann 19. mars 2009 barst tilkynning frá leikskólanum H þess efnis að telpan hefði mætt mjög illa í leikskólann frá því hún flutti í annað hverfi. Þá mætti hún oft í óhreinum fötum og virkaði þreytt. Við athugun málsins kom í ljós að stefnda var á þessum tíma í Y og telpan í pössun hjá vinkonu stefndu.

Með bréfi þjónustumiðstöðvar I, dags. 14 maí 2009, var áhyggjum lýst af stöðu barnanna á heimilinu. Stefnda hefði ekki greitt rafmagnsreikning áður en hún fór til Y fyrr á árinu en D, dóttir stefndu, bjó í ískaldri íbúðinni ásamt ungri dóttur sinni og eldri bróður. Málið var tekið fyrir á meðferðarfundi starfsmanna stefnanda í júní 2009 og í framhaldinu var gerð ný áætlun um meðferð málsins.

Tilkynning barst frá leikskóla telpunnar 3. september 2009. Við könnun málsins kom í ljós að stefnda hafði farið til Y fyrr um sumarið og skilið telpuna eftir í umsjá vinkonu og síðar systkina hennar sem á þeim tíma voru ekki sjálfráða. Telpa væri oftast ekki sótt í leikskólann fyrr en eftir lokun og þá iðulega eftir að hringt hafði verið á heimilið. Árangurslaust mun hafa verið reynt að ná í stefndu og 8. september 2009 var beitt neyðarráðstöfun á grundvelli 31. gr. barnaverndarlaga og telpa vistuð á Vistheimili barna um rúmlega tveggja mánaða skeið eða þar til stefnda kom aftur heim. Málið var tekið fyrir á fundi Barnaverndarnefndar Reykjavíkur sem fól starfsmönnum sínum að gera einhliða áætlun um meðferð málsins. Starfsmenn Greiningar og ráðgjafar komu á heimili stefndu á tímabilinu frá 3. febrúar til 20. apríl 2010. Í greinargerð þeirra kemur fram að stefnda hafi ekki verið samstarfsfús, hún hafi sinnt litlu af því sem hún hafi verið beðin um og ekki skilið tilgang heimsóknanna eða áttaði sig á ástæðu afskiptanna þrátt fyrir að farið hefði verið yfir stöðu mála og tilgang heimsókna ásamt túlki bæði á stöðufundi og inntökufundi. Til stóð að vinna frekar með tillögur frá Greiningu og ráðgjöf en þar sem stefnda fór með telpuna til Y í byrjun júní 2010 hafi ekki verið unnt að framfylgja því.

Óboðað eftirlit var með heimili stefndu sumarið 2010 í fjarveru hennar og telpunnar. Töldu eftirlitsaðilar heimilið óhreint og mikla óreglu á heimilishögum. Heimilismenn virtust ekki vita nákvæmlega um heimkomu stefndu og lítið samband virtist vera á milli stefndu og barna hennar sem dvöldu á heimilinu. Stefnda mun engar nauðsynlegar ráðstafanir hafa gert í fjármálum sínum við brottför til Y í júní 2010 og skuldaði orðið margra mánaða húsaleigu. Telpa dvaldi með stefndu í Y frá því í byrjun júní árið 2010 og þar til um miðjan október 2010. Missti telpa því af nokkrum vikum skólagöngu sinnar í fyrsta bekk í K.

Sálfræðingur Barnaverndar Reykjavíkur mun ítrekað hafa reynt að vinna með fjölskyldu stefndu. Erfiðlega hafi gengið að fá stefndu til fundar, þar sem hún ítrekað hafi ekki svarað í síma. Loks hafi hún fallist á að sálfræðingur kæmi heim til hennar til þess að fara yfir stöðu fjölskyldunnar. Stefnda hafi ekki virst sátt við aðkomu sálfræðings. Þegar yrt hafi verið á hana hafi hún verið annars hugar. Á meðan heimsókn stóð hafi hún skammað mikið yngri börnin, rúmlega eins árs barnabarn sitt og telpuna B á X. Stefnda hafi virst hafa mjög takmarkaða þolinmæði gagnvart börnunum sem virtust með öllu ónæg fyrir háværum skömmum og ávitum. Stefnda hafi verið áhugalaus og ekki til samvinnu um að hitta sálfræðing aftur þrátt fyrir að vera boðuð til viðtals. Sálfræðingurinn ályktaði að ástæða væri til að hafa áhyggjur af sálrænni heilsu stefndu.

Á meðferðarfundi starfsmanna Barnaverndar Reykjavíkur þann 14. október 2010 var ákveðið að óska eftir nýju forsjárhæfnismati á stefndu auk þess sem lagt yrði til að stefnda og telpa færu í Greiningar- og kennsluvistun á Vistheimili barna. Starfsmenn stefnanda kynntu stefndu nýja meðferðaráætlun. Stefnda mun hafa verið samþykkt öllu því sem fram kom í meðferðaráætlun nema því að telpa yrði

vistuð utan heimilis.

Málið var tekið fyrir á fundi Barnaverndarnefndar Reykjavíkur þann 11. janúar sl. Stefnda mætti ásamt lögmanni sínu. Á fundinum kom fram það mat nefndarinnar að stuðningsaðgerðir væru fullreyndar í því skyni að bæta aðstæður telpunnar í umsjá stefndu. Kvað nefndin upp úrskurð um að telpan yrði vistuð utan heimilis stefndu í tvo mánuði. Þá var starfsmönnum stefnanda falið að gera áætlun um meðferð máls skv. 23. gr. barnaverndarlaga, þar sem m.a. kæmi fram að stefnda myndi gangast undir forsjárhæfnismat á tímabilinu. Telpan fór á Vistheimili barna 11. janúar sl. og dvaldi þar uns hún flutti á heimili J, fósturmóður sinnar, 25. febrúar sl. Þann 9. mars sl. samþykkti stefnda vistun telpunnar á fósturheimili til 11. júlí 2011.

Í málinu liggur fyrir forsjárhæfnismat Brynjars Emilssonar sálfræðings, dags. 7. apríl sl. Telur matsmaður að stefnda hafi oft og tíðum átt erfitt með að skilja spurningar og svör hennar hafi stundum verið óljós. Hún hafi grátið mikið í viðtölum og virst vera í ójafnvægi. Lítið hafi verið um augnsamband og erfitt að halda flæði í samtölunum. Matsmaður taldi það bæði vera vegna túlks en einnig virtist stefnda lítið vilja ræða þau mál sem rædd voru við hana. Oft og tíðum hafi hún verið að gera eitthvað annað, eins og að hringja í lækninn sinn í miðju viðtali. Fram kom að stefnda telji sig heppna að hafa komið til Íslands en hún telji þó að hér séu alltaf vandræði og vandamál og hafi hún spurt matsmann hvers vegna þessi vandamál væru alltaf að koma. Stefnda hafi sagst reyna að gera það sem hún gæti en það virtist aldrei nóg. Stefnda sagðist ekki hafa unnið í um tíu ár eða frá því hún kom til Íslands. Ástæðu þess sagði hún ónýt nýru vegna meðgöngukvilla og einnig hafi hún ekki haft tíma þar sem hún hafi verið að sinna börnum sínum. Spurð um heilsu sagðist stefnda ekki heilsuhraust. Í viðtölum við matsmann komi fram að stefnda sé í töluverðu tilfinningalegu ójafnvægi. Hún eigi einnig í miklum erfiðleikum með að mynda geðtengsl. Þetta tvennt, þ.e. óstöðugar tilfinningar og röskun á getu til tengslamyndunar, leiði til erfiðleika í daglegu lífi hennar og samskiptum. Matsmaður telur einnig að stefnda sé hvatvís sem lýsir sér í því að hún hugsi ekki um afleiðingar hegðunar sinnar. Dæmi um hvatvísi hennar er þegar hún fór til Y án þess að undirbúa það, láta skólayfirvöld vita eða skilja eftir upplýsingar um hvernig væri hægt að ná í hana. Hún taldi einnig að félagsráðgjafi sinn á þjónustumiðstöð myndi sjá um að borga fyrir sig reikninga á meðan hún væri erlendis en viðurkenndi þó að hafa ekki gengið úr skugga um það áður en hún fór né að hafa hugað að því sérstaklega. Eins koma hvatvísi og óstöðug geðbrigði fram er stefnda sagðist ætla að drepa sig og telpuna ef hún fengi telpuna ekki til baka nú í júlí. Stefnda hafi lítil bjargráð til að mæta álagi eða erfiðum aðstæðum og það ásamt litlum skilningi veldur áframhaldandi erfiðleikum. Stefnda telji sig einnig vera búna að gera allt sem hægt sé í samskiptum sínum við barnaverndaryfirvöld. Taldi matsmaður að stefnda væri ekki mikið inni í málum telpunnar, hún hefði t.d. ekki vitað nafn umsjónarkennara hennar. Niðurstaða matsmanns var því að hæfni stefndu sem uppalanda væri takmörkuð. Stefnda hefði lítið nýtt sér veitta aðstoð varðandi umönnun barna sinna. Skilningur hennar og þekking á uppeldi og kröfum samfélagsins varðandi umönnun barna virtist takmarkaður en einnig virtist sem greindarfarsleg staða hennar ylli henni erfiðleikum í daglegu lífi. Það var því niðurstaða forsjárhæfnimats að stefnda hefði ekki þá hæfni sem verði að teljast nægjanleg til að axla forsjárskyldur við börn sín.

Mál telpunnar var tekið fyrir á fundi Barnaverndarnefndar Reykjavíkur 17. maí sl. Fram kom að stefnda væri ekki tilbúin að afsala sér forsjá telpunnar. Vildi hún að telpan kæmi heim í júlí og samþykkti ekki áframhaldandi vistun þar til niðurstaða í forsjárviptingarmáli lægi fyrir. Var borgarlögmanni falið að krefjast þess fyrir dómi að stefnda yrði svipt forsjá dóttur sinnar á grundvelli a- og d-liðar 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga. Jafnframt kvað nefndin upp úrskurð um að telpan skyldi vistuð utan heimilis til 17. júlí 2011. Þar sem krafist var forsjárviptingar áður en vistunartímanum lauk hefur sú ráðstöfun haldist, sbr. 2. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga.

Samkvæmt tannlæknaskoðun sem telpan fór í, eftir að hún fór á Vistheimili barna, hefur tannhirðu hennar verið mjög ábótavant og tannskemmdir eru miklar. Hún er nú reglulega hjá tannlækni til að laga þær skemmdir.

Frá því að telpan fór á fósturheimili hefur hún verið í umgengni við stefndu annan hvern sunnudag frá kl. 12 til 18. Hefur óboðað eftirlit verið með umgengninni. Samkvæmt dagálum eftirlitsaðila hefur gengið ágætlega í umgengni.

Stefnandi vísar til þess að telpunni virðist líða mjög vel í fósturinu og samkvæmt upplýsingum frá umsjónarkennara í K í maí 2011 leið henni mjög vel. Fann kennarinn töluverðan mun á telpunni hvað varðar aðbúnað, umhirðu og undirbúning vegna skólans. Að sögn kennara hefur telpunni farið mjög mikið fram í lestri og málþroski hennar tekur framförum með hverjum degi sem líður. Við aðalmeðferð var lagt fram bréf kennara telpunnar í L þar sem hún stundar nú nám. Þar kom fram að líðan hennar virtist góð, hún væri ávallt vel hirt, mætti stundvíslega í skólann og væri námsstaða hennar góð. Samskipti hennar við önnur börn væru góð og hún væri fljót að eignast vini.

Þann 20. apríl sl. fór starfsmaður Barnaverndar Reykjavíkur á fósturheimili og ræddi við fósturmóður og telpuna. Telpan var mjög glöð að sjá, heilsaði starfsmanni og brosti. Hún fór fljótt að spjalla og segja frá lífi sínu, sagðist t.d. eiga margar vinkonur í skólanum. Rætt var um lestur en telpunni þykir mjög gaman að lesa og sýndi hún starfsmanni lestrarbók og miða þar sem fram kom hversu margar bækur hún hefði lesið í skólanum. Aftur fór starfsmaður Barnaverndar á fósturheimilið 3. nóvember sl. og ræddi við telpuna. Kom fram að hún hefði verið opin og glaðlynd. Hún skrifaði vel og henni hefði farið fram í málþroska. Væri hún jákvæð gagnvart skólanum. Hún æfði fótbolta og þætti það gaman. Hún væri jákvæð gagnvart fósturmóður sinni en þætti gaman að hitta móður sína og aðra úr fjölskyldu sinni.

Skýrslu fyrir dóminum gáfu stefnda, S og Ó, starfsmenn stefnanda, G, leigjandi stefndu, og J, fósturmóðir telpunnar.

III

Málsástæður stefnanda

Stefnandi byggir kröfu sína um forsjárvíptingu á ákvæði a- og d-liðar 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga. Stuðningsaðgerðir á grundvelli barnaverndarlaga dugi ekki til að tryggja öryggi telpunnar til frambúðar á heimili stefndu. Stefnda hafi lítinn skilning á ranglæti þeirra aðstæðna sem hún hafi skapað telpunni og hafi takmarkað innsæi í eigin vanda. Stefnda hafi með athöfnum sínum sýnt að hún eigi við alvarlegan vanda að stríða og í dag sé hæfni hennar sem forsjáraðila verulega skert. Af forstögu málsins megi sjá að uppeldisaðstæður telpunnar hafa verið óviðunandi í umsjá stefndu og að tengslaleysi og stórkostleg vanræksla hafi einkennt bernsku hennar. Krafa stefnanda byggist á því að of mikil og óforsvaranleg áhætta felist í því að láta stefndu fara með forsjá dóttur sinnar.

Stefnandi vísar til þess að ávallt hafi verið leitast við að eiga eins góða samvinnu við stefndu um málið og aðstæður hafi leyft. Leitast hafi verið við að beita eins vægum úrræðum gagnvart stefndu og unnt hafi verið hverju sinni en óhjákvæmilegt hafi reynst að vista telpuna utan heimilis sökum djúpstæðs vanda stefndu og þess umönnunar- og skilningsleysis sem hún skapi dóttur sinni. Þau stuðningsúrræði sem stefnandi hafi yfir að ráða megni ekki að skapa telpunni þau uppeldisskilyrði sem hún eigi skýlausan rétt á. Önnur barnaverndarúrræði en forsjárvípting séu því ekki tiltæk nú, en brýna nauðsyn beri til að skapa telpunni það öryggi og umönnun sem hún hafi farið á mis við hjá stefndu. Að mati stefnanda hafi meðalhófsreglunnar verið gætt í hvívetna við meðferð málsins og ekki verið gripið til róttækari úrræða en nauðsyn hafi krafist. Stuðningsaðgerðir séu fullreyndar í því skyni að bæta aðstæður telpunnar í umsjá stefndu. Stefnda hafi ítrekað fengið tækifæri til að bæta uppeldisskilyrði barna sinna, þar á meðal telpunnar, en hafi ekki náð að nýta sér þann stuðning sem henni hafi verið veittur í uppeldishlutverki sínu. Stefnandi vísar til þess að stefnda hafi, þrátt fyrir að samþykkja og skrifa undir áætlanir um meðferð máls, ekki sýnt raunverulegan vilja til samstarfs um að bæta aðstæður telpunnar. Það séu frumréttindi barna að búa við stöðugleika í uppvexti og þroskavænleg skilyrði. Það hafi sýnt sig að stefnda geti ekki búið dóttur sinni þau uppeldisskilyrði sem hún eigi skýlausan rétt á. Forsjárrettur foreldra takmarkist af þeim mannréttindum barna að njóta forsvaranlegra uppeldisskilyrða. Þegar hagsmunir foreldra og barns vegist á, séu hagsmunir barnsins, hvað því sé fyrir bestu, þyngri á vogarskálunum. Þessi regla sé grundvallarregla í íslenskum barnarétti og kemur einnig fram í þeim alþjóðlegu sáttmálum sem Ísland sé aðili að.

Um lagarök vísar stefnandi til barnaverndarlaga nr. 80/2002, Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 18/1992 og laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Málsástæður stefndu

Af hálfu stefndu er á því byggt að ekki séu fyrir hendi skilyrði til sviptingar forsjár í skilningi a- og d-liðar 29. gr. barnaverndarlaga. Hún viðurkennir að hafa gert mistök við umönnun telpunnar en telur að unnt sé að tryggja markmið 1. og 2. gr. barnaverndarlaga með öðrum og vægari hætti en forsjárvíptingu, sbr. og 2. mgr. 29. gr. sömu laga. Vísar hún til þess að forsjárvípting sé verulega íþyngjandi ráðstöfun fyrir foreldri, sem feli í sér skerðingu á grundvallarrétti sem varinn sé í

71. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

Stefnda mótmælir því að þau atriði sem stefnandi nefni til stuðnings kröfu sinni séu nægjanleg eða viðeigandi ástæða til sviptingar forsjár. Í greinargerð með frumvarpi að barnaverndarlögum sé tekið fram að barnaverndaryfirvöldum sé ekki falið það verkefni að stuðla að því að öll börn búi við bestu mögulegu aðstæður, heldur fyrst og fremst að aðstæður einstakra barna séu viðunandi. Geti það verið breytilegt á hverjum tíma og eftir almennum efnahag hvað teljist viðunandi.

Stefnda telur starfsmenn barnaverndaryfirvalda hafa gengið of langt í afskiptum af heimilisaðstæðum hennar og dóttur hennar. Starfsmenn barnaverndaryfirvalda geri m.a. athugasemdir við að íbúð stefndu sé óhrein. Telur stefnda þessar aðfinnslur ekki flokkast undir óviðunandi uppeldisaðstæður eða vanrækslu af því tagi sem kallar á sviptingu forsjár. Fremur sé hér um að ræða óviðeigandi íhlutun í einkalíf hennar og fjölskyldu. Matsmaður hafi t.d. engar athugasemdir gert við hreinlæti í íbúð hennar en helst fundið að því að telpan hefði „ekki séraðstöðu fyrir dótið sitt“. Telur stefnda að afstaða barnaverndaryfirvalda feli í sér mismunun á grundvelli trúar, skoðana, þjóðernisuppruna, efnahags og stöðu stefndu að öðru leyti, sbr. 2. mgr. 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, auk þess sem hún brjóti gegn friðhelgi einkalífs stefndu og virðingu fyrir fjölskyldu og heimili í skilningi 71. gr. stjórnarskrárinnar sem og 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

Af hálfu stefndu er áhersla lögð á tungumálaörðugleika, sem valdið hafi ítrekuðum misskilningi í samskiptum hennar við barnaverndaryfirvöld og þeir séu einnig skýring á því að hún hafi ekki áttað sig á inntaki leiðbeininga á köflum eða ekki farið eftir ábendingum starfsmanna barnaverndarnefndar í einu og öllu.

Af hálfu stefndu er bent á að veigamiklar erlendar rannsóknir hafi sýnt fram á að greindarskertir eða tornæmir foreldrar sýni helst vanrækslu varðandi umsjón með skólagöngu barna sinna. Algengasta „vanræksla“ slíkra foreldra sé að sjá til þess að börn þeirra mæti reglulega og á réttum tíma í skóla og í því felist hættan á að greindarskertum eða tornæmum foreldrum sé mismunað og þeir sviptir forsjá þótt ekki sé sýnt fram á bein tengsl milli greindar og foreldrafærni. Rannsóknir hafi sýnt fram á að greindarskertir foreldrar, sem ekki búa þegar yfir ákveðinni forsjárhæfni, geti öðlast hana með aðstoð og skilningi umhverfis.

Stefnda fellst á að finna megi að hæfni hennar, skilningi, þekkingu og yfirsýn en hún sé engu að síður foreldri sem einlæglega ann börnum sínum. Hún þurfi áframhaldandi stuðning, aðstoð varðandi fjármál og samskipti við opinberar stofnanir og hvatningu og aðstoð til að komast á vinnumarkaðinn. Hún hafi tekið sig á varðandi fjármál sín og lækkað skuldastöðu sína gagnvart Félagsbústöðum. Stefnda telur rétt að henni verði veitt frekari og áframhaldandi aðstoð til að sinna foreldraskyldum sínum, ekki síst þeim þætti sem snúi að reglufestu varðandi skólasókn telpunnar enda hafi hún sýnt vilja til slíks samstarfs og leitað reglulega til félagsráðgjafa á þjónustumiðstöðinni til að fá leiðbeiningar. Stefnda telur að það sé telpunni ekki fyrir bestu að vera komið í fóstur á heimili vandalausra þar sem hún er slitin frá rótum sínum, móður, systkinum, frændsystkinum, vinum og menningarlegum uppruna.

Um lagarök vísar stefnda til IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002, meginreglna barnalaga nr. 76/2003 og stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Jafnframt vísar hún til

grundvallarregluna um friðhelgi einkalífs sem varin sé í 71. gr. stjórnarskrár íslenska lýðveldisins nr. 33/1944, sem og 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Kröfu um málskostnað byggir hún á 60. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sem kveði á um að aðili máls skuli hafa gjafsókn fyrir dómi, enn fremur á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 130. gr.

IV

Niðurstaða

Í gögnum málsins kemur fram að barnaverndarafskipti hafa verið af málefnum barna stefndu um árabíl. Ýmis stuðningsúrræði hafi verið reynd og margsinnis hafa starfsmenn stefnanda gert meðferðaráætlanir á grundvelli 23. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, bæði með og án samþykkis stefndu, til að ráð bót á aðstæðum, en stefndu hefur ekki tekist að halda þær áætlanir.

Tvær matsgerðir sálfræðinga liggja fyrir um forsjárhæfni stefndu. Í matsgerð frá október 2004 kemur fram að stefnda sé afar veikburða í forsjárhlutverki sínu og líklega sé greind hennar fremur lág og skilningur hennar á forsendum samfélagsins hér á landi takmarkaður, auk þess sem hún sé ekki líkleg til að axla þær skyldur sem ætlast er til af henni sem forsjáraðila. Stefnda líti vanda barna sinna ekki sömu augum og yfirvöld og sé ekki líkleg til að beita sér gegn honum, jafnvel þótt reynt væri að veita henni ráð og stuðning. Í matsgerð frá apríl sl. kemur fram að hæfni stefndu sem uppalanda sé takmörkuð. Stefnda hafi lítið nýtt sér veitta aðstoð varðandi umönnun barna sinna. Skilningur hennar og þekking á uppeldi og kröfum samfélagsins varðandi umönnun barna sé takmarkaður en einnig virðist sem greindarfarsleg staða hennar valdi henni erfiðleikum í daglegu lífi. Var það niðurstaða matsmanns að stefnda hefði ekki þá hæfni sem verði að teljast nægjanleg til að axla forsjárskyldur barna sinna.

Markmið barnaverndarlaga er meðal annars að tryggja að börn sem búa við óviðunandi uppeldisaðstæður fái nauðsynlega aðstoð, sbr. 2. gr. laganna. Í lögum eru fyrirmæli um að barnaverndaryfirvöldum beri að grípa til viðeigandi úrræða samkvæmt því sem lýst er í lögum þegar aðstæður barns eru óviðunandi eða líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska þess geti verið hættu búin vegna vanrækslu foreldris, vanhæfni eða framferðis þess. Réttur stefndu til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu er takmarkaður af þeim rétti sem börn njóta en ef hagsmunir barns og foreldris rekast á verða hagsmunir foreldris að víkja fyrir hagsmunum barnsins. Að mati dómsins gefa gögn málsins skýrt til kynna að telpan býr við óviðunandi aðstæður í umsjá stefndu sem kunna að stofna heilsu hennar og þroska í hættu. Þá er daglegri umönnun og uppeldi hennar alvarlega ábótavant. Þykir sýnt fram á, bæði með framlögðum gögnum og skýrslu starfsmanna stefnanda fyrir dómnum, að úrræði í samvinnu við stefndu hafi ekki skilað viðhlítandi árangri. Stefnda virðist, þrátt fyrir að hafa margsinnis undirritað meðferðaráætlanir starfsmanna stefnanda, ekki hafa skilning eða hæfni til að fara eftir þeim. Liggur því fyrir að úrræði samkvæmt 23. til 26. gr. barnaverndarlaga hafa verið fullreynd. Verður að telja að ekki sé unnt að tryggja uppeldisskilyrði telpunnar á annan hátt en

að svipta stefndu forsjá hennar til frambúðar. Ekki er unnt að fallast á það með stefndu að henni hafi verið mismunað, m.a. á grundvelli þjóðernisuppruna, sbr. 2. mgr. 11. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, heldur virðist sem henni hafi þvert á móti verið gefin viðbótartækifæri til að bæta ráð sitt vegna þessa. Að öllu framangreindu virtu er fallist á að skilyrðum samkvæmt a- og d-lið 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga sé fullnægt. Ber því að fallast á kröfu stefnanda.

Stefnandi gerir ekki kröfu um málskostnað. Gjafsóknarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, sem þykir, með hliðsjón af tímaskýrslu og tilkynningu dómstólaráðs nr. 5/2009, hæfilega ákveðinn 275.000 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum.

Dóminn kvað upp Kolbrún Sævarsdóttir, settur héraðsdómari, sem dómsformaður, ásamt Álfheiði Steinþórsdóttur og Odda Erlingssyni, sálfræðingum.

D Ó M S O R Ð

Stefnda, A, er svipt forsjá dóttur sinnar, B.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefndu, þ.m.t. þóknun lögmanns hennar, 275.00 krónur greiðist úr ríkissjóði.

Kolbrún Sævardóttir

Álfheiður Steinþórsdóttir

Oddi Erlingsson